

Júlí 2020



# Ársskýrsla ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra 2019



## Ársskýrsla ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Skúlagötu 4 – 101 Reykjavík

545 9700 | [anr@anr.is](mailto:anr@anr.is)

Júlí 2020

Ábyrgðarmaður: Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

Umsjón: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Umbrot: Aron Freyr Heimisson

& Einar Guðmundsson

© 2020 – Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp ráðherra</b>	<b>4</b>
<b>Samantekt um starfsemi ráðuneytisins</b>	<b>7</b>
Rekstur og fjárfestingar	10
<b>Málefnasvið</b>	<b>12</b>
<b>Málaflokkar</b>	<b>15</b>
Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna	15
<b>Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða</b>	<b>24</b>
<b>Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn</b>	<b>25</b>
<b>Samantekt um starfsemi ráðuneytisins á árinu 2019</b>	<b>26</b>



## Ávarp ráðherra

Á árinu 2019 náðust mikilvægir áfangar á sviði ferðamála, nýsköpunar, iðnaðar og orku, viðskipta og samkeppni- og neytendamála. Málaflokkarnir eiga það sameiginlegt að skipta sköpum fyrir samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs og þar með verðmætasköpun í landinu og lífskjör þjóðarinnar.

Mótuð var framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu fram til ársins 2030 sem felur í sér að greinin verði leiðandi á heimsvísu í sjálfbærri þróun. Leiðarljósín eru tólf í fjórum víddum ásamt nokkrum tölusettum yfirmarkmiðum. Samhliða var Jafnvægisás ferðamála kynntur, en hann veitir yfirlit yfir ástand efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta ferðaþjónustunnar á yfir 60 mælikvörðum. Þessi verkfæri; framtíðarsýnin, leiðarljósín og Jafnvægisásinn leggja grunn að aðgerðaáætlun til 2025 sem nú er í mótun. Ég tel að þessi stefnumörkun muni búa ferðaþjónustunni sterkan grunn til sjálfbærs vaxtar. Það er styrkleikamerki að framtíðarsýnin og leiðarljósín standa óhöggðu þrátt fyrir áfallið vegna Covid-19 sem reið yfir á vormánuðum 2020.

Nýsköpunarstefna fyrir Ísland var kynnt í haust. Hún markar sýn til ársins 2030 og er ætlað að gera Ísland betur í stakk búið til að mæta áskorunum framtíðarinnar með því að byggja upp traustan grundvöll fyrir hugvitsdrifna nýsköpun á öllum sviðum.

Viðamesta aðgerð nýsköpunarstefnunnar er að stofnaður verði nýr sjóður með ríkisframlagi, Kría, sem fer með fjárfestingu á móti einkaaðilum í vísisjóðum sem fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Með Kríu frumkvöðlasjóði eflum við fjármögnunarmhverfi frumkvöðla og tryggjum þannig áframhaldandi vöxt þeirra með því að vera hvati svokallaðra vísifjárfestinga. Hér er um að ræða beinar aðgerðir í þágu nýsköpunar sem munu styrkja, hvetja og hlúa að frumkvöðlastarfi á Íslandi.

Samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs hefur einnig verið undir smásjánni en ráðuneytið hefur í samstarfi við OECD, Samkeppniseftirlitið og fleiri unnið að samkeppnismati á regluverki ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi. Samkeppnismatinu er ætlað að leggja grunn að því draga úr reglubyrði og bæta skilyrði fyrir virka samkeppni og þar með verðmætasköpun.

Óveður, sem hafði viðamikil áhrif á líf fólks landsbyggðinni, minnti á mikilvægi þess að efla flutnings- og dreifikerfi raforku. Gerð var áætlun um flýtingu þeirrar uppbyggingar og vinnu hleypt af stokkunum í því skyni að einfalda leyfisveitingarferli. Að auki var unnið að mótun fyrstu langtímaorkustefnunnar fyrir Ísland í þverpólítísku samstarfi og mun þeirri vinnu ljúka um mitt ár 2020. Af öðrum mikilvægum verkefnum sem unnið var að má nefna jöfnun dreifikostnaðar raforku í dreifbýli, flýting á þrífösun raforku með lagningu jarðstrengja, orkuskipti í samgöngum og neytendavernd í raforkumálum.

Hér hef ég tæpt á nokkrum verkefnum, markmiðum og áherslum ráðuneytisins á árinu — ári þar sem mörgum stórum áföngum var náð. Ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem við í ráðuneytinu áttum gott samstarf við á árinu.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir  
ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

---

# Samantekt um starfsemi ráðuneytis

---

# Samantekt um starfsemi ráðuneytisins

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tók formlega til starfa 4. september 2012 við sameiningu þriggja ráðuneyta; efnahags- og viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Tveir ráðherrar fara með málaflokka ráðuneytisins, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Skrifstofur ráðuneytisins eru sex, fjórar fagskrifstofur, skrifstofa ráðuneytisstjóra og ein stoðskrifstofa sem starfar þvert á ráðuneytið.

Fagskrifstofur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eru tvær; skrifstofa orku, iðnaðar og viðskiptamála og skrifstofa ferðamála og nýsköpunar. Hlutverk fagskrifstofanna er að sjá til þess að ávallt sé faglega unnið að undirbúningi mála og að þekking starfsmanna sé nýtt og henni viðhaldið. Fagskrifstofurnar bera ábyrgð á lagaramma og regluverki þeirra málaflokka sem eru á þeirra forræði, í samráði við stofnanir ráðuneytisins. Stofnanir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eru sex talsins.

Tvö málefnasvið eru á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra en það eru málefnasvið 14 Ferðaþjónusta og málefnasvið 15 Orkumál. Einnig fer ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra með hluta málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar og málefnasviðs 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar.

Fjölbreytt verkefni voru unnin á málefnasviðum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á árinu 2019 er miðuðu að því að styðja við þau markmið sem skilgreind voru. Meðal helstu verkefna eru eftirfarandi:

- 
- Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 var kynnt í september. Þar birtist sú framtíðarsýn að íslensk ferðaþjónusta verði leiðandi á heimsvísu í sjálfbærri þróun og áhersla lögð á að íslensk ferðaþjónusta stuðli að bættum lífskjörum og hagsæld og sé þekkt fyrir gæði, fagmennsku og einstaka upplifun.
- 
- Samhliða var Jafnvægisás ferðamála kynntur sem mun veita yfirlit um ástand efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta og gefa vísbendingar um hvar úrbóta sé þörf. Þannig mun Jafnvægisásinn nýtast sem stjórnæki við mótun framtíðarstefnu Íslands sem áfangastaðar.
- 
- Þessi verkfæri leggja grunn að aðgerðabundinni stefnumótun og ákvarðanatöku fyrir ferðaþjónustuna en vinna hófst á haustdögum um mótun aðgerðabundinnar stefnumótunar fyrir ferðaþjónustu á Íslandi til ársins 2025. Verkefnið er sameiginlegt verkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka ferðaþjónustunnar og Stjórnstöðvar ferðamála.
-

- 
- Vinna hófst við að þróa hlutverk markaðsstofa landshlutanna í áfangastaðastofur, úthlutað var úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og Flugþróunarsjóði og lög um Ferðamálastofu og lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun tóku gildi. Þá var frumvarp ráðherra um ákvæði varðandi heimagistingu samþykkt á Alþingi.
- 
- Vinna við mótun nýsköpunarstefnu var fyrirferðarmikil á árinu og í stýrihóp sátu fulltrúar atvinnulífsins og háskólasamfélagsins ásamt fulltrúum frá öllum stjórn-  
málaflokkum sem eiga sæti á Alþingi. Stefnan var gefin út í októbermánuði og fyrstu aðgerðir byggðar á stefnunni voru kynntar fáum vikum síðar og lutu þær m.a. að stofnun Kríu frumkvöðlasjóðs, áherslu á nýskapandi lausnir í opinberum innkaupum, aukin og opnari notkun á opinberum gögnum og því samfara hakka-  
þon til að skapa nýjar lausnir og Hugveita ráðherra. Einnig var farið af stað með greiningarvinnu á stuðningsumhverfi nýsköpunar hér á landi. Nýsköpunarstefnan markar sýn til ársins 2030 og er henni ætlað að gera Ísland betur í stakk búið til að mæta áskorunum framtíðarinnar með því að byggja upp traustan grundvöll fyrir hugvitsdrifna nýsköpun á öllum sviðum.
- 
- Ísland gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og á fundi sínum í Reykjavík í júní lögðu Norrænu atvinnumálaráðherrarnir m.a. áherslu á að efla skyldi nýsköpun á sviði heilbrigðismála og styðja við umskipti til hringrásarhagkerfis í atvinnulífi Norðurlandanna. Þá voru nokkur áhersluverkefni sett af stað, þ.á.m. verkefni um sjálfbæra ferðaþjónustu í norðri.
- 
- Samkeppnismat á regluverki ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi hefur verið unnið í samvinnu ANR, OECD og Samkeppniseftirlitsins auk annarra stjórnvalda sem hafa aðkomu að málaflokkunum. Vinna verkefnisins hefur verið á áætlun og miðar vel. Stefnt er á að skýrsla OECD um verkefnið komi út á haustmánuðum. Þar verður með ítarlegum hætti gerð grein fyrir framkvæmd verkefnisins og þess regluverks sem var yfirfarið. Gerð verður grein fyrir athugasemdum og tillögum OECD til úrbóta svo draga megi úr reglubyrði og bæta skilyrði fyrir virka samkeppni.
- 
- Í samvinnu við forsætisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið var unnið að endurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð en skýrslu með tillögum um endurskipulagningu ráðsins verður skilað á vordögum 2020.
-



- 
- Á sviði orkumála var unnið að mótun langtímaorkustefnu og mun þeirri vinnu ljúka um mitt ár 2020. Unnið var að greiningum til að finna leiðir til að tryggja betur jöfnun dreifikostnaðar raforku í dreifbýli og þéttbýli, og tillögur lagðar fram um leiðir í því skyni. Jafnframt var kynnt átak um flýtingu á þrífösun raforku með lagingu jarðstrengja, og fjármunir tryggðir í fyrsta áfanga þess verkefnis. Áhersla var lögð á orkuskipti í samgöngum á árinu og Orkusjóður fékk aukið fjármagn til að auglýsa styrki á sviði orkuskipta (rafhleðslustöðvar, gististaðir o.fl.). Gerðar voru reglugerðarbreytingar sem tryggja rétt neytenda til að velja sér raforkusala, efla samkeppni á smásölumarkaði raforku og tryggja betur aðskilnað sérleyfis og samkeppnisstarfsemi.
- 
- Á árinu var unnið að ýmsum úrbótum á sviði viðskiptamála og félagaréttar sem tengist úttekt FATF á Íslandi og nokkur frumvörp þess efnis lögð fram og afgreidd á Alþingi, m.a. um skráningu raunverulegra eigenda.
- 




## Rekstur og fjárfestingar

Raunútgjöld verkefna á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra námu 14.777,6 m.kr. á árinu 2019 en á mynd 1 má sjá skiptingu útgjalda eftir málefnasviðum.

### Raun útgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar



**Mynd 1.** Yfirlit yfir útgjöld málefnasviða sem heyra undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Raunútgjöld málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar námu 7.927 m.kr. á árinu 2019. Undir málefnasviðið falla ýmis verkefni og samningar í nýsköpun og atvinnuþróun.

Raunútgjöld á málefnasviði 14 Ferðaþjónusta námu um 1.938,8m.kr. á árinu 2019. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd rannsóknum, þróun og nýsköpun innan ferðaþjónustunnar.

Raunútgjöld málefnasviðs 15 Orkumál námu um 3.917,3 m.kr. á árinu 2019. Undir málefnasviðið heyra ýmis verkefni og samningar í orkumálum.

Raunútgjöld málefnasviðs 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar námu 1.001,7 m.kr. á árinu 2019. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd viðskiptamálum og neytendamálum.

---

# Málefñasvið

---

# Málefнасvið

Rekstrarútgjöld verkefna á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra námu 14.778 m.kr. en gert var ráð fyrir því að til ráðstöfunar yrðu 15.602 m.kr.<sup>1</sup> Á töflu 1 má sjá rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka

Tafla 1. Rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka

Málaflokkar - rekstur	Raunútgjöld	Til ráðstöfunar á árinu	Frávik í m.kr.	Frávik í %
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b>	<b>7.927,0</b>	<b>7.800,3</b>	<b>-126,7</b>	<b>-1,6%</b>
0710 - Vísindi og samkeppnisjóðir í rannsóknum	2.221,0	2.286,0	65,0	2,8%
0720 - Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	5.706,0	5.514,3	-191,7	-3,5%
<b>14 Ferðapjónusta</b>	<b>1.938,8</b>	<b>2.699,3</b>	<b>760,6</b>	<b>28,2%</b>
1410 - Stjórnun ferðamála	1.084,6	1.392,2	307,6	22,1%
1420 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum	854,1	1.307,1	453,0	34,7%
<b>15 Orkumál</b>	<b>3.917,3</b>	<b>4.052,6</b>	<b>135,3</b>	<b>3,3%</b>
1510 - Stjórnun og þróun orkumála	3.917,3	4.052,6	135,3	3,3%
<b>16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála</b>	<b>1.001,7</b>	<b>1.049,9</b>	<b>48,2</b>	<b>4,6%</b>
1610 - Markaðseftirlit og neytendamál	686,9	735,6	48,8	6,6%
1620 - Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar	314,8	314,3	-0,5	-0,2%
<b>Samtals</b>	<b>14.784,8</b>	<b>15.602,2</b>	<b>817,4</b>	<b>5,2%</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

## 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingagreinar

Málefnasvið 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingagreinar skiptist í 7.1 Vísindi og samkeppnisjóðir í rannsóknum og 7.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingagreinar. Sá hluti málaflokks 7.1 sem er á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra lýtur að framlögum til Tækniþróunarsjóðs en málaflokkur 7.2 heyrir allur undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Málefnasviðinu tilheyra tvær stofnanir, Hugverka-stofan og Nýsköpunarmiðstöð Íslands ásamt starfsemi Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Til ráðstöfunar voru alls 7.800,3 m.kr. á árinu 2019, rekstrargjöld námu 7.927 m.kr. og uppsafnað frávik því -126,7 m.kr. Frávikid skýrist af meiri útgjöldum til styrkja til nýsköpunarfyrirtækja -284,0 m.kr. en á móti var afgangur af liðnum nýsköpun og atvinnuþróun 101,4 m.kr.

<sup>1</sup> Fjárlög, fjárháskölög, yfirflutt árslokastaða, millifærslur innan málaflokks og úr almennum varasjóði.

## 14 Ferðaþjónusta

Málefnasvið 14 Ferðaþjónusta nær m.a. yfir styrkveitingar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða sem og framlög til ýmissa samninga og verkefna tengd rannsóknum, þróun og nýsköpun innan ferðaþjónustunnar. Til málefnasviðsins heyrir ein stofnun, Ferðamálastofa, auk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Flugþróunarsjóðs.

Til ráðstöfunar voru alls 2.699,3m.kr. á árinu 2019, rekstrargjöld námu 1.938,8 m.kr. og uppsafnað frávik því 760,6 m.kr. Frávikid skýrist af minni útgjöldum hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða en áætlað var 239,4 m.kr., minni útgjöldum af liðnum ýmis ferðamál 453 m.kr. sem að mestu má rekja til Flugþróunarsjóðs og afgangi af rekstri ferðamálastofu 62,5 m.kr. Frávik annarra fjárlagaliða voru óveruleg.

## 15 Orku- og eldsneytismál

Málefnasvið 15 Orkumál nær m.a. yfir flutning og dreifingu raforku, raforkumarkaði, niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, orkuskipti, nýtingu auðlinda í jörðu og á hafsbotni, hitaveitur, orkuöryggi, visthönnun vöru og orkumerkingar. Undir málefnasviðið fellur ein stofnun, Orkustofnun, auk þess sem Orkusjóður tilheyrir málefnasviðinu ásamt ýmsum samningum og verkefnum, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs. Til ráðstöfunar voru alls 4.052,6 m.kr. á árinu 2019, rekstrargjöld námu 3.917,3 m.kr. og uppsafnað frávik því 135,3 m.kr. Frávikid skýrist helst af minni niðurgreiðslum vegna húshitunnar en áætlað var 91,7 m.kr. og afgangi af rekstri Orkustofnunar 34,8 m.kr.

## 16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnumála

Málefnasvið 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar nær til aðkomu ríkisins að atvinnugreinum landsins. Meginviðfangsefni málefnasviðsins er alþjóðleg samkeppnishæfni atvinnulífs sem byggist á efnahagslegu, umhverfislegu og samfélagslegu jafnvægi ásamt því að leggja grunn að skilvirkri stjórnsýslu atvinnumála og vandaðri áætlanagerð til lengri tíma. Undir málefnasviðið falla tvær stofnanir, Samkeppniseftirlitið og Neytendastofa, auk þess sem starfsemi Hönnunarsjóðs heyrir undir málefnasviðið.

Til ráðstöfunar voru alls 1.049,9 m.kr. á árinu 2019, rekstrargjöld námu 1.001,7 m.kr. og uppsafnað frávik því 48,2 m.kr. Frávikid skýrist aðallega af afgangi af rekstri Neytendastofu 21,9 m.kr., afgangi af rekstri Samkeppniseftirlitsins 21,4 m.kr. og ónýttum varasjóði 6,3 m.kr.

Sett voru fram 11 markmið á málefnasviðum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019 og til að styðja við þau markmið voru 57 aðgerðir skilgreinda. Á mynd 2 má sjá samantekt á stöðu þeirra aðgerða en nánar verður fjallað um þær í næsta kafla.

### Staða verkefna/aðgerða

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
16.2 Stjórnssystem atvinnumála og nýsköpunar	● 5	5
15.1 Stjórnun og þróun orkumála	● 19 ● 1	20
14.1 Ferðaþjónusta	● 10 ● 9	19
7.2 Nýsköpun og markaðsmál	● 1 ● 3 ● 9	13
<b>Samtals aðgerðir</b>	● 0 ● 1 ● 3 ● 43 ● 10	<b>57</b>

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð komin vel á veg  
 ● Aðgerð lokið



# Málaflokkar

## Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er skipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem eru á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Stöðumat er birt og þær aðgerðir tíundaðar sem styðja við viðkomandi markmið á árinu. Notaður er litakvarði til að sýna stöðu hvernar aðgerðar, sbr. meðfylgjandi töflu:

- 
- **Aðgerð lokið**

---

  - **Aðgerð vel á veg komin**

---

  - **Aðgerð hafin**

---

  - **Undirbúningur hafinn**

---

  - **Aðgerð ekki hafin**

---

### 07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum






#### Tækniþróunarsjóður






Tækniþróunarsjóður er samkeppnissjóður sem starfræktur er samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Hlutverk hans er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Á haustmisseri 2019 veitti Tækniþróunarsjóður styrki til 33 verkefna í þremur styrkjaflokkum upp á samtals 520 m.kr. en alls bárust 248 umsóknir í sjóðinn.

## 07.20 Nýsköpun og markaðsmál

### MARKMIÐ 1



#### Aukin útflutningverðmæti á grunni nýsköpunar






Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímabil aðgerða
 Framkvæma samkeppnismat á lögum og reglum valinna atvinnugreina.	2018 – 2022
 Móta tillögur um framkvæmd samkeppnismats við undirbúning lagasetningar.	2018 – 2020
 Meta árangur af starfsemi Tækniþróunarsjóðs og móta aukið hlutverk hans.	2018 – 2022
 Meta umhverfi nýsköpunar, árangur og móta tillögur til úrbóta.	2018 – 2022
 Bæta þjónustu við sókn fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnan í alþjóðlega samkeppnissjóði.	2018 – 2022

 Aðgerð ekki hafin
  Undirbúningur hafinn
  Aðgerð hafin
  Aðgerð vel á veg komin
  Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 2

#### Aukin hagnýting lausna sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og neikvæðum umhverfisáhrifum

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Tímabil aðgerða
 Meta árangur af starfsemi Tækniþróunarsjóðs og móta aukið hlutverk hans.	2018 – 2022
 Greina áhrif þekkingargreina á framþróun atvinnuvega og lausnir til að styðja við umhverfisvernd.	2018 – 2019

 Aðgerð ekki hafin
  Undirbúningur hafinn
  Aðgerð hafin
  Aðgerð vel á veg komin
  Aðgerð lokið



## MARKMIÐ 3

### Ný störf skapist í þekkingargreinum

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Tímabil aðgerða
● Meta árangur af starfsemi Tækniþróunarsjóðs og móta aukið hlutverk hans.	2018 – 2022
● Meta umhverfi nýsköpunar, árangur og móta tillögur til úrbóta.	2018 – 2022
● Bæta þjónustu við sókn fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana í alþjóðlega samkeppnisjóði.	2018 – 2022
● Greina áhrif þekkingargreina á framþróun atvinnuvega og lausnir til að styðja við umhverfisvernd.	2018 – 2019
● Efla byggingarannsóknir.	2018 – 2022
● Auka rannsóknir um þróun og áhrif skapandi greina á umhverfi og samfélag.	2018 – 2022

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð vel á veg komin   ● Aðgerð lokið

## 14.10 Ferðaþjónusta

### Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur það hlutverk að veita styrki til uppbyggingar, viðhalds og verndunar ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt og til aðgerða sem stuðla að öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsótta ferðamannastaði. Árið 2019 fengu 40 verkefni styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða upp á alls 505 m.kr.

## MARKMIÐ 1

### Efnahagslega sjálfbær ferðaþjónusta

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímabil aðgerða
● Marka langtíma stefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunaaðila.	2018 – 2019
● Endurskoða skipan ferðamála til að auka skilvirkni og yfirsýn stjórnsýslu greinarinnar og samhæfingu aðgerða milli ráðuneyta m.t.t. ferðaþjónustu.	2018 – 2019
● Meta og endurskoða fyrirkomulag greininga, rannsókna og þróunarstarfs m.t.t. gagnaöflunar, forgangsröðunar, fyrirkomulags verkefna og fjármögnunar.	2018 – 2019
● Styðja við uppbyggingu áfangastaða á landsbyggðinni.	2018 – 2023
● Styðja við markaðsstofur landshlutanna.	2018 – 2021
● Greina þolmörk náttúru, samfélags og efnahagslífs.	2018 – 2019
● Setja skýrar reglur um skammtímaleigu og efla eftirlit með leyfislausri starfsemi.	2018 – 2020

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð vel á veg komin   ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 2

### Samfélagslega sjálfbær ferðaþjónusta

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Tímabil aðgerða
● Marka langtíma stefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunaaðila.	2018 – 2019
● Endurskoða skipan ferðamála til að auka skilvirkni og yfirsýn stjórnsýslu greinarinnar og samhæfingu aðgerða milli ráðuneyta m.t.t. ferðaþjónustu.	2018 – 2019
● Meta og endurskoða fyrirkomulag greininga, rannsókna og þróunarstarfs m.t.t. gagnaöflunar, forgangsröðunar, fyrirkomulags verkefna og fjármögnunar.	2018 – 2019

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð vel á veg komin   ● Aðgerð lokið

● Styðja við uppbyggingu áfangastaða á landsbyggðinni.	2018 – 2023
● Styðja við markaðsstofur landshlutanna.	2018 – 2021
● Greina þolmörk náttúru, samfélags og efnahagslífs.	2018 – 2019
● Setja skýrar reglur um skammtímaleigu og efla eftirlit með leyfislausri starfsemi.	2018 – 2020

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð vel á veg komin   ● Aðgerð lokið

### MARKMIÐ 3

#### Umhverfislega sjálfbær ferðapjónusta

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Tímabil aðgerða
● Marka langtíma stefnu um þróun sjálfbærrar ferðapjónustu í samvinnu við hagsmunaaðila.	2018 – 2019
● Endurskoða skipan ferðamála til að auka skilvirkni og yfirsýn stjórnslu greinarinnar og samhæfingu aðgerða milli ráðuneyta m.t.t. ferðapjónustu.	2018 – 2019
● Meta og endurskoða fyrirkomulag greininga, rannsókna og þróunarstarfs m.t.t. gagnaöflunar, forgangsröðunar, fyrirkomulags verkefna og fjármögnunar.	2018 – 2019
● Styðja við uppbyggingu áfangastaða á landsbyggðinni.	2018 – 2023
● Greina þolmörk náttúru, samfélags og efnahagslífs.	2018 – 2019

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð vel á veg komin   ● Aðgerð lokið



## 15.10 Stjórnun og þróun orkumála

### MARKMIÐ 1

#### Tryggja jafnvægi framboðs og eftirspurnar á almennum markaði, og þar með orkuöryggi

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímabil aðgerða
● Tryggja orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku með því að skýra ábyrgð og hlutverk aðila með lagabreytingu.	2018 – 2020
● Miðla þekkingu um mikilvægi hugverkaverndar í orkumálum.	2019 – 2020
● Rannsóknir á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að aukið hlutfall af flutningskerfi raforku verði lagt í jörð.	2019 – 2021
● Greina möguleika á smávirkjunum (undir 10MW) á landsvísu og staðbundnum lausnum í orkumálum	2019 – 2023
● Vinna við gerð langtímaorkustefnu.	2019 – 2020
● Efling Orkusjóðs. Styrking Orkusjóðs er í samræmi við áform um aukin orkuskipti, áherstur á sviði nýsköpunar o.fl.	2019 – 2023
● Hraða þrífösun rafmagns.	2019 – 2023

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð vel á veg komin   ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 2

### Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap Íslands

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Tímabil aðgerða
● Miðla þekkingu um mikilvægi hugverkaverndar í orkumálum.	2019 – 2020
● Vinna að orkuskiptum í samræmi við aðgerðaáætlun á grunni þingsályktunar og aðgerðir í stjórnarsáttmála.	2019 – 2023
● Taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um jarðhitanýtingu og hitaveituvæðingu.	2019 – 2023
● Varmadæluvæðing á stórum og smáum skala á köldum svæðum (nýta og greina tækifæri til að draga úr raforkunotkun kyntra hitaveitna).	2019 – 2023
● Efling Orkusjóðs. Styrking Orkusjóðs er í samræmi við áform um aukin orkuskipti, áherstur á sviði nýsköpunar o.fl.	2019 – 2023
● Hraða þrífösun rafmagns.	2019 – 2023

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð vel á veg komin  
 ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 3

### Jafna orkukostnað vegna dreifingar raforku og húshitunar á landsvísu

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Tímabil aðgerða
● Miðla þekkingu um mikilvægi hugverkaverndar í orkumálum.	2019 – 2020
● Varmadæluvæðing á stórum og smáum skala á köldum svæðum (nýta og greina tækifæri til að draga úr raforkunotkun kyntra hitaveitna).	2019 – 2023
● Efling Orkusjóðs. Styrking Orkusjóðs er í samræmi við áform um aukin orkuskipti, áherstur á sviði nýsköpunar o.fl.	2019 – 2023
● Hraða þrífösun rafmagns.	2019 – 2023

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð vel á veg komin  
 ● Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 4

### Lágmarkskröfur um afhendingaröryggi raforku gildi um allt land

Aðgerðir sem styðja við markmið 4	Tímabil aðgerða
● Rannsóknir á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að aukið hlutfall af flutningskerfi raforku verði lagt í jörð.	2019 – 2021
● Greina möguleika á smávirkjunum (undir 10MW) á landsvísu og staðbundnum lausnum í orkumálum	2019 – 2023
● Mat á endurbótum til að tryggja orkuöryggi svæða sem búa við skert afhendingaröryggi.	2019 – 2023

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð vel á veg komin   ● Aðgerð lokið

## 16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

### MARKMIÐ 1

#### Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Tímabil aðgerða
● Greina fyrirkomulag áætlanagerðar með tilliti til laga um opinber fjármál, m.a. um forgangsröðun verkefna til lengri tíma, stjórnun og eftirlit.	2018
● Stefna að alþjóðlegri viðurkenningu faggildingar og greina kosti þess að nýta faggiltar skoðunarstofur við opinbert eftirlit.	2018 – 2019
● Greina stöðu og skýra yfirsýn um þróun, starfsemi og áhrif þjónustugreina í hagkerfinu.	2018 – 2019
● Einfalda regluverk og verkferla í þágu atvinnulífs.	2018 – 2021
● Framkvæma samkeppnismat í samvinnu við OECD.	2018 – 2020

● Aðgerð ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Aðgerð vel á veg komin   ● Aðgerð lokið

# Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Ráðstafað var úr varasjóði innan málaflokks 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál á árinu samtals 8 m.kr. Flutningur á fjárheimild yfir á fjárlagaliðinn 04-190-16300 Framlög til neytendamála þar sem útgjöld voru hærrí á árinu en áætlað var. Engu var ráðstafað úr varasjóði innan málaflokks 07.20 Nýsköpun, rannsóknir og þekkinga-greinar og fluttist sjóðurinn óbreyttur yfir á næsta ár.

## Ráðstöfun varasjóðs á árinu 2019

Varasjóður málaflokks 16.10	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	6,4
04-190-163 Ýmis verkefni til að jafna halla	7,3
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>-0,9</b>


Varasjóður málaflokks 07.20	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	2,6
Leiðrétt launaendurmat málaflokka	-1,1
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>3,7</b>

Fjárhæðir í milljónum króna



# Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn

Á mynd 3 má sjá yfirlit yfir árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefna-  
liðum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins 2019 að viðbættum yfirfærðum höfuðstól  
frá árinu 2018.



## Samantekt um starfsemi ráðuneytisins á árinu 2019

**8. janúar**

Kallað eftir samráði um nýja orkustefnu og heimasíðan [www.orkustefna.is](http://www.orkustefna.is) opnuð. [Nánar>](#)

**17. janúar**

Nú eru löggildir endurskoðendur orðnir alls 320. [Nánar>](#)

**30. janúar**

Þrífösun rafmagns verði flýtt – Skaftárhreppur og Mýrar í fyrsta áfanga. [Nánar>](#)

**25. febrúar**

Hækkun á framlagi til rannsókna á sviði verslunar. [Nánar>](#)

**19. febrúar**

Skýrsla um endurskoðun á starfs- umhverfi smálánafyrirtækja skilað til ráðherra. [Nánar>](#)



**27. febrúar**

Hækkun á framlagi til rannsókna á sviði verslunar. [Nánar>](#)



**8. mars**

Ræða ráðherra á Iðnhþingi. [Nánar>](#)



**5. mars**

Ræða ráðherra á ársfundi Landsvirkjunar. [Nánar>](#)

**18. mars**

Markviss einföldun regluverks – betri eftirlitsreglur. [Nánar>](#)



**18. mars**

Betra regluverk fyrir atvinnulífið. Samkeppnismat OECD. [Nánar>](#)

**21. mars**

Ræða ráðherra á fundi um samkeppnismat OECD. [Nánar>](#)

**21. mars**

Ferðapjónustan svara kallinu á íslensku. [Nánar>](#)



**22. mars**

Ríkisstjórnin samþykkir að leggja þriðja orkupakkann fyrir Alþingi. [Nánar>](#)

**27. mars**

Úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamanna. Áframhald uppbyggingar. [Nánar>](#)



27. mars

Miklir möguleikar í norrænu samstarfi um ferðamál. [Nánar>](#)



28. mars

Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands vegna lokunar WOW air. [Nánar>](#)

5. apríl

Ráðherranefnd um matvæla- stefnu fyrir Ísland. [Nánar>](#)

4. apríl

Borghildur Erlingsdóttir kosin varaformaður framkvæmdaráðs Evrópsku Einkaleyfastofunnar. [Nánar>](#)



5. apríl

Skýrsla starfshóps varðandi raforkumálefni garðyrkjubænda. [Nánar>](#)



5. apríl

Skýrsla starfshóps varðandi raforkuflutning í dreifbýli og þrífösun rafmagns. [Nánar>](#)

11. apríl

Skýrsla um þróun raforkuverðs og samkeppni frá setningu raforkulaga 2003. [Nánar>](#)  
Mynd: Gollí

10. apríl

Viðbrögð stjórnvalda vegna gjaldþrots WOW kynnt. [Nánar>](#)



12. apríl

Úthlutun styrkja á málefna- sviðum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. [Nánar>](#)

9. maí


Carl Baudenbacher kynnis utan- ríkismálanefnd álitserð vegna þriðja orkupakkans. [Nánar>](#)

20. maí

Ráðherra lagði áherslu á góða samvinnu Íslands og Grænlands. [Nánar>](#)

14. maí

Miklum árangri heimagistingar- vaktar fylgt eftir. [Nánar>](#)  
Mynd: Hari



23. maí

Samið um lengri hálendisvakt í sumar. [Nánar>](#)



28. maí

Stofnun samstarfsvettvangs um loftslagsmál og grænar lausnir. [Nánar>](#)

31. maí

Undirritun samnings um samstarf á sviði sjálfbærni, orku, nýsköpunar og loftslagsmála. [Nánar>](#)



3. júní

Ferðamenn hvattir til að draga úr plastnotkun og drekka kranavatn. [Nánar>](#)



4. júní

Markviss uppbygging innviða vegna orkuskipta í samgöngum. [Nánar>](#)  
Mynd: Kristinn Magnússon



5. júní

Virkjum hugvitið- samstarfs- samningur undirritaður. [Nánar>](#)



11. júní

Sigríður Ingvarsdóttir settur forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. [Nánar>](#)



18. júní

Viljayfirlýsing um hreinsun og bindingu kolefnis. [Nánar>](#)



20. júní

Sameinuðu þjóðirnar birta landsrýniskýrslu Íslands um heimsmarkmiðin. [Nánar>](#)

24. júní

Framtíðarsýn ferðaþjónustunnar og Jafnvægisás ferðamála í Samráðsgátt stjórnvalda. [Nánar>](#)

27. júní

Norrænir ráðherrar vilja efla nýskapandi heilbrigðislausnir og hringrásarhagkerfi. [Nánar>](#)

28. júní

Norrænu orkumálaráðherrarnir á einu máli um öflugt samstarf að kolefnishlutleysi. [Nánar>](#)


28. júní

Ný áætlun um að efla samstarf á sviði ferðaþjónustu á Norðurlöndum. [Nánar>](#)



3. júlí

Samningur um heimagistingarvakt framlengdur. [Nánar>](#)



10. júlí

Ráðherra skipar nýja stjórn Tækniþróunarsjóðs. [Nánar>](#)

3. september

Work in Iceland upplýsingagáttin opnuð. [Nánar>](#)



20. september

Styrkur til atvinnuuppbyggingar á Norðurlandi vestra. [Nánar>](#)



13. september

Áherslur í fjárlagafrumvarpi: Nýsköpunarumhverfið, ferðaþjónusta til framtíðar og aukid orkuaðgengi. [Nánar>](#)

23. september

Aukin neytendavernd á sviði raforkumála. [Nánar>](#)

26. september

Ráðherra heimsótti Vestnorden kaupstefnuna. [Nánar>](#)



28. september

Nýsköpunarstefna fyrir Ísland kynnt til leiks. [Nánar>](#)  
Mynd: Eggert Ólafsson



27. september

Tvö tímamótaverkefni í ferðaþjónustu: Framtíðarsýn og Jafnvægisás. [Nánar>](#)

9. október

Ísland stendur sig mjög vel í orkuskiptum í samgöngum. [Nánar>](#)

9. október

Ísland getur haft góð áhrif á þróun Norðurslóða. [Nánar>](#)



17. október

Frumvarp um einföldun regluverks í samráðsgátt. [Nánar>](#)

10. október

Styrkur til Landsbjargar og Safetravel hækkaður. [Nánar>](#)



21. október

Einföldun regluverks í forgangi. [Nánar>](#)



1. nóvember

Leyfisveitingagátt Ferðamálastofu virk á vefnum Ísland.is. [Nánar>](#)

**11. nóvember**

Styrkjum úthlutað til uppsetningar öflugra hraðhleðslustöðva um allt land. [Nánar>](#)



**13. nóvember**

Árangur Íslendinga afar góður í Horizon 2020. [Nánar>](#)

**25. nóvember**

Stefnumótun fyrir ferðaþjónustuna. [Nánar>](#)

**15. nóvember**

Ríkisstjórnin styrkir verkefni sem hefur það markmið að efla starf þriðja geirans og félagasamtaka hér á landi. [Nánar>](#)



**28. nóvember**

Ráðherra kynnrir Kríu frumkvöðlasjóð. [Nánar>](#)

**13. desember**

Átakshópur um úrbætur á innviðum í framhaldi af fárviðri. [Nánar>](#)

**16. desember**

Skýrsla um jarðstrengi í flutningskerfi raforku. [Nánar>](#)  
Mynd: Gollí

**17. desember**

Nýr göngustígur við Sólheimajökul. [Nánar>](#)  
Mynd: Björgvin Hilmarsson



**19. desember**

Viljayfirlýsing um uppbyggingu á Akureyrarflugvelli. [Nánar>](#)

